


FRUMET

**Laxá í Leirársveit
Fiskirannsóknir 1997**

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi apríl 1998 VMST-V/98006X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vesturlandsdeild

FRAMRIT

**Laxá í Leirársveit
Fiskirannsóknir 1997**

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi apríl 1998 VMST-V/98006X

Unnið fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit

X: Ekki má vitna til skýrslunnar nema með leyfi höfundar

Efnisyfirlit

	Bls
1. Inngangur	1
2. Aðferðir	1
2.1. Mælingar á vatnshita	1
2.2. Mælingar á sýrustigi	2
2.3. Seiðabúskapur	2
2.4. Talning á laxi	2
2.5. Fiskrækt	2
3. Niðurstöður	3
3.1. Vatnshiti og sýrustig	3
3.2. Seiðabúskapur	3
3.3. Talningar í Eyrarfossi	5
3.4. Þróun laxveiði	5
3.5. Fiskrækt	6
4. Umræður	6
5. Heimildaskrá	8
Töflur	10
Myndir	13

1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er greint frá rannsóknum á fiskstofnum Laxár í Leirársveit árið 1997. Markmið rannsókna er að fylgjast með vexti og viðgangi seiða vitt og breytt á vatnasvæðinu þannig að ítarlegar upplýsingar liggi fyrir hverju sinni um breytingar á seiðaframleiðslu á búsvæðum fyrir lax á vatnasvæðinu. Sambærilegar rannsóknir hófust árið 1986 er frumathugun var gerð á vatnasvæðinu (Sigurður Már Einarsson 1992) og hefur árlega verið framhaldið síðan árið 1992 (Sigurður Már Einarsson 1993, 1994, 1996 og 1997). Árið 1997 var seiðabúskapur í nokkrum þverám Laxár kannaður sérstaklega að beiðni Veidifélags Laxár. Þá er árlega fylgst með hitafari árinna og árið 1997 var gert átak í að mæla sýrustig árvatns á vatnasvæðinu m.a. með hliðsjón af uppbyggingu stóriðu í nágrenni Laxár.

Annar hluti rannsókna hefur falist í talningum á lax- og silungi upp á efra svæði Laxár um fiskveginn í Eyrarfossi en laxatejara var komið fyrir í fiskveginum sumarið 1993. Þær rannsóknir miða sérstaklega að því að kanna laxgengd og nýtingu þess lax sem gengur upp á efsta svæði árinna.

Í þriðja lagi verður fjallað um laxveiði og samsetningu laxastofnsins m.t.t. breytinga í samsetningu á smálaxi og stórlaxi.

2. Aðferðir

2.1. Mælingar á vatnshita

Mælingar á vatnshita hófust árið 1994 með siritandi hitamæli af gerðinni MS-110SH. Mæliririnn skráir vatnshita á 4 klst. fresti á tímabilinu júní – september ár hvert. Siritinn er staðsettur við fiskveginn í Eyrarfossi. Hitastig hefur áhrif á frumframleiðslu og fæðudýr fyrir seiði auk beinna áhrifa á vöxt seiða. Breytingar á hitafari geta því haft áhrif á framleiðslu laxaseiða hverju sinni.

2.2. Mælingar á sýrustigi (Ph)

Mælingar á sýrustigi (Ph) voru teknar með sýrustigsmæli, Ph testr 2 (Model 59000-25) og voru framkvæmdar viðs vegar á vatnasvæðinu. Markmið þessara mælinga var að kortleggja sýrustig árvatns á vatnasvæðinu.

2.3. Seiðabúskapur

Rafveiðar fóru fram 19 – 27. ágúst til að kanna þéttleika og vöxt fiskseiða á vatnasvæðinu. Sambærilegar mælingar hafa verið gerðar síðari hluta sumars frá 1992, en síðari hluta sumars má ætla að vorgömul seiði séu komin upp úr mölinni og farin að dreifa sér um búsvæði árinna. Veitt var á hefðbundnum veiðistöðum á svæðinu (1. mynd) en einnig var gerð sérstök athugun á þverám Laxár, þ.e. Súluá, bæjarlæknum við Eyri og Skarðsá. Farin var ein veiðiumferð á hverju svæði. Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld með 0,1 cm nákvæmni og tekið hreistur og kvarnir af hluta aflans til aldursákvæðana, auk greiningar á kyni og kynþroska. Við útreikninga var reiknaður fjöldi seiða sem veiddist í einni veiðiumferð á hverja 100 m² botnflatar. Þessa aðferð má kalla vísitölumælingu á þéttleika seiða, þar sem ekki er metinn heildarfjöldi seiða á þeim svæðum sem veidd eru hverju sinni.

2.4. Talning á laxi

Talning á laxi um fiskveginn í Eyrarfossi var framkvæmd með Árvakateljara (Sigurður Már Einarsson 1994) á tímabilinu júní til september. Teljarinn er sem fyrr staðsettur fyrir ofan efsta hólfíð í fiskveginum í Eyrarfossi.

2.5. Fiskrækt

Sleppingar sjógönguseiða lágu niðri sumarið 1997, en engin seiði af Laxarstofni voru tiltæk til sleppinga vegna tjóns sem varð á Fiskræktarstöðinni að Laxeyri.

3. Niðurstöður

3.1. Vatnshiti og sýrustig

Sumarið 1997 reyndist mjög hlýtt (tafla 1). Þannig var meðalhitinn í júlí 11,97 °C og er það hæsti meðalhiti í júlí frá upphafi mælinga. Ágúst mánuður mældist 10,96 °C að jafnaði og reyndist það annar hlýjasti ágúst mánuður frá upphafi mælinga. September var hins vegar fremur kaldur miðað við undanfarin ár eða 7,19 °C að meðaltali.

Sýrustig (Ph) árvatns var mælt á 9 stöðum á vatnasvæði Laxár (tafla 2). Sýrustigið mældist á bilinu 7,8 – 8,3 dagana 19 – 28 ágúst 1997. Lítil breytileiki reyndist í sýrustigsgildum á vatnasvæðinu. Lægsta Ph gildi mældist í Bæjarlæknum við Eyri, en hæstu Ph gildin mældust í Þverá og Kúvallará.

3.2. Seiðabúskapur

Í Draghálsa mældist heildarþéttleiki laxaseiða 26,2 seiði á 100 m² (tafla 3). Auk þess fannst töluvert af urriða, en ekkert varð vart við bleikju. Þéttleiki laxaseiða fer nú vaxandi á ný (2. mynd) eftir nokkra lögð undanfarin ár og mældist þéttleiki 0+ seiða þannig mun meiri en undanfarin ár.

Í Þverá mældist þéttleiki laxaseiða 45,3 seiði á 100 m² (tafla 3). Auk laxaseiða voru urriðaseiði áberandi (10,3 seiði á 100 m²), en bleikjuseiði voru mjög fá. Í Þverá var þéttleiki 0+ seiða mikill og virðist hrygningin haustið 1996 því hafa tekist vel.

Í Kúvallará mælist þéttleiki laxaseiða 18,1 seiði á 100 m² (tafla 3), en auk þess var nokkuð vart við urriðaseiði, en bleikjan var hverfandi að magni til. Sem fyrr virðist laxinn árvisst nýta þessa á til hrygningar.

Í Landsá var seiðamagn mælt á tveimur stöðum (tafla 3). Á hefðbundnum rafveiðistað fyrir neðan Þjóðveginn var þéttleikinn 47,4 laxaseiði á 100 m² en auk laxins var mikið magn af urriðaseiðum í ánni. Þéttleiki laxaseiða fer nú vaxandi í Landsá og er sá næsthæsti sem mælst hefur frá upphafi mælinga (2. mynd). Einnig var veitt um 200 m ofan við Þjóðveg og fékkst þar mikið magn stórra laxaseiða, en yngri aldurshópar voru fámennir. Líklegt er að laxinn nýti einkum neðsta hluta

læksins til hrygningar en seiði dreifi sér svo fram eftir ánni frá hrygningarstöðum neðarlega í læknum.

Rafveitt var á einum stað á strandlengju Eyrarvatns um 200 m ofan við útfall Laxár (tafla 3). Fengust þar allir aldurshópar laxaseiða (0+ - 2+).

Í Laxá var veitt á hefðbundnum stöðum neðan við Eyrarvatn og neðan við Eyrarfoss (tafla 3). Á veiðistað neðan við Eyrarvatn mældist þéttleiki laxaseiða 109,3 seiði á 100 m² en einnig varð nokkuð vart við urriða. Seiðamagn efst í Laxá fer nú ört vaxandi (2. mynd) eftir lögð undanfarin ár. Á veiðistað neðan við Eyrarfoss mældist þéttleiki laxaseiða 26,7 seiði á 100 m² og er það slakasta mæling frá upphafi á þeim veiðistað (2. mynd).

Gerð var sérstök athugun tegundasamsetningu og seiðamagni í nokkrum ám og lækjum sem falla norðanvert í Laxá. Veitt var á þrem stöðum í Bæjarlæk (tafla 3) við Eyri en lækurinn fellur neðst í Súluána. Urriðaseiði reyndust vera einkennandi fisktegund í Bæjarlæknum og sveiflaðist heildarmagn urriðaseiða frá 11,3 – 21,9 seiði á 100 m². Laxaseiði fundust á öllum veiðistöðum og sveiflaðist heildarmagn þeirra frá 4,6 – 8,2 seiði á 100 m². Engin bleikja var til staðar. Engin laxaseiði fundust á fyrsta ári (0+), en aðrir aldurshópar voru til staðar. Lækurinn virðist hafa góð skilyrði til fiskframleiðslu.

Í Súluá var veitt á þrem stöðum á svæðinu frá þjóðvegi niður að ármótum Laxár. Seiðamagn reyndist lítið í Súluá, en vart varð við lax, urriða og bleikju. Mesta seiðamagnið fannst á neðstu stöðinni, skammt ofan ármóta við Laxá og fundust þar seiði á fyrsta (0+) og öðru (1+) aldursári. Almennt séð eru skilyrði til fiskframleiðslu slök í Súluá. Áin er stutt og brött dragá með uppruna sem veldur því að botnefni eru á mikilli hreyfingu og ennfremur er áin líklega fremur köld.

Veitt var einnig í læk sem er afrennsli frá eldistjörnum við bæinn Hlíðarfót (tafla 3). Lækurinn hefur góð skilyrði til fiskframleiðslu sem endurspeglast í miklu seiðamagni á flatareiningu. Bleikja og urriði eru einkennandi fisktegundir í læknum en auk þess varð lítillaga vart við laxaseiði á þriðja og fjórða aldursári.

Skarðsá sem fellur neðarlega í Laxá var athuguð á þrem stöðum. Áin var könnuð við brúna að bænum Efra Skarði, en einnig var áin athuguð neðar, ofan og neðan við þjóðveginn (tafla 3). Lax virðist nýta Skarðsána að brúnni við þjóðveginn, en ekki ofar. Á efri stöðunum var urriði eina fisktegundin sem veiddist og á neðstu stöðinni var urriði einkennandi fisktegund, en einnig veiddust þar laxaseiði í fremur litlu magni. Kanna þarf neðsta hluta Skarðsár mun ítarlegar en hér var gert til að athuga nánar magn og útbreiðslu tegunda á því svæði.

Vöxtur laxaseiða var misjafn á vatnasvæðinu (tafla 4). Sem fyrr er seiðavöxtur bestur á útfallasvæði Laxár neðan við Eyrarvatn, en síðan dregur mikið úr vexti neðar í Laxá (tafla 4). Annars staðar á vatnasvæðinu er vöxtur seiða mjög svipaður (tafla 4).

3.3. Talningar í Eyrarfossi

Árið 1997 gengu 864 laxar um teljarann í Eyrarfossi, en auk þess 35 silungar. Talningartímabilið náði frá 18.júní til 25 september. Teljarinn skráði 692 laxa sem smálax (80,1%) en stórlax var 19,1%. Fiskur hefur nú verið talinn um fiskveginn við Eyrarfoss í fimm ár eða frá árinu 1993 (tafla 5). Talningar hafa tekist nær fullkomlega öll árin, utan ársins 1995, en þá var teljarinn óvirkur um mitt sumar vegna bilana. Laxgengd upp á efsta svæði árinna hefur aldrei mælst meiri en á árinu 1997. Laxveiði ofan teljara bæði í Laxá og á efsta svæði árinna virðist fylgja talningum mjög vel. Árin 1993, 1996 og 1997 er stangveiðin á bilinu 27 – 31,8 % af þeim laxi sem gekk upp á svæðið, en 1994 sker sig nokkuð úr með aðeins 17,8 % veiði á þeim laxi sem talinn var upp á svæðið.

3.4. Þróun laxveiði

Alls veiddust 697 laxar í Laxá árið 1997, þar af 633 smálaxar (90,8 %) og 64 stórlaxar (8,2 %). Til viðbótar veiddust samtals 84 laxar á efsta svæði árinna eða 781 lax í heild af vatnasvæðinu. Veiði á því svæði nam því 10,8% af heildarveiði á stöng árið 1997, 89,2 % veiddust í Laxá.

Laxveiði í Laxá versnaði því verulega frá árunum 1995 og 1996, en þá veiddust um og yfir 1400 laxar úr Laxá (3. mynd). Laxveiði á stöng í Laxá árin 1974 – 1997 er að

meðaltali 1023 laxar og veiðin 1997 var því tæplega 70 % af meðalveiði þessa tímabils.

Laxastofn Laxár í Leirársveit er að meginhluta til smálax sem hefur eins árs sjávardvöl að baki (4. mynd). Athugun var gerð á smálax/stórlax hlutfalli í Laxá hjá gönguseiðaárgöngum 1986 – 1995. Á þessu tímabili reyndist smálax að meðaltali 84,7 % af hverjum gönguseiðaárgangi, en stórlax 15,3 %. Smálaxahlutfall á þessu tímabili varð lægst 78,5 % hjá gönguseiðaárgangi 1989 en hæst fór hlutfallið í 94,8 % hjá seiðum sem gengu til sjávar sumarið 1995.

3.5. Fiskrækt

Árin 1994 – 1996 var um 10.000 örmerktum sjógönguseiðum sleppt að jafnaði í tilraunaskyni í Laxá. Engin örmerki bárust til aflestrar sumarið 1997 úr Laxá, en ekki er vitað um orsakir þess. Árið 1997 var engum gönguseiðum sleppt í ána, en það sumar voru engin seiði tiltæk til sleppinga vegna tjóns sem varð í Fiskræktarstöðinni að Laxeyri.

4. Umræður

Laxveiði í Laxá dróst verulega saman árið 1997. Þessi veiðiminnkun á sér nokkrar skýringar. Í þessu sambandi má í fyrsta lagi geta þess að samkvæmt seiðamælingum í Laxá að hausti undanfarin ár var áætlað að sá gönguseiðaárgangur sem gekk til sjávar vorið 1996 hafi verið í lágmarki miðað við þær mælingar sem lágu fyrir (Sigurður Már Einarsson 1997). Ennfremur er vitað að endurheimtur náttúrulegra sjógönguseiða í Elliðám og Vesturdalsá í Vopnafirði árið 1997 þar sem um árabíl hefur verið fylgst með endurheimtum, voru með lágsta móti sumarið 1997, sem þýðir að afföll í sjó hafi verið meiri en undanfarin ár. Rannsóknir undanfarin ár hafa sýnt fram á tengsl milli laxgengdar og hitastigs sjávar árið sem gönguseiði halda til sjávar (Scarnecchia 1984, Þórólfur Antonsson o.fl. 1996). Ljóst er að sjávarumhverfi hverju sinni hefur afdrifarík áhrif á endurheimtur laxa og stórauka þarf rannsóknir á þessum þætti laxalífsferilsins. Sama þróun kom einnig fram í hafbeit þar sem endurheimtur urðu mjög slakar (Guðni Guðbergsson 1998). Minnkandi endurheimtur í hafbeit hafa væntanlega þýtt minna flakk inn í veiðiár á Vesturlandi þar með talið í Laxá sem undanfarin ár virðist hafa haft sérstakt aðdráttarafli fyrir flökkulax. Þannig hefur verið

sýnt fram á, að í Laxá árin 1995 og 1996 voru flökkulaxar úr hafbeit mjög stórt hlutfall af veiðinni þessi ár eða á bilinu 26,1 – 31,1 % (Sigurður Már Einarsson 1997). Líklegt er að hlutdeild hafbeitarlax í veiðinni 1997 hafi verið lítil og verður að líta á veiðiminnkunina 1997 með hliðsjón af þessari staðreynd. Þá virðist hlutdeild ræktunar hafa verið mjög lítil á árinu 1997 ef dæma má af því að engin merktir laxar virðast hafa skilað sér árið 1997. Hugsanlegt er þó að leit að merktum lögum hafi brugðist. Á árinu 1997 náðust samningar við veiðirettarhafa vegna sjávarveiða í Hvalfirði og var þar engin veiði stunduð 1997. Hlutdeild Laxár í þessari sjávarveiði er ekki þekkt og því er ekki unnt að meta hver áhrif netauppkaupanna þýða fyrir laxgengd í Laxá.

Þrátt fyrir fremur slaka heildarveiði í Laxá, mældist aukning í fjölda laxa sem gekk um fiskveginn í Eyrarfossi og hafa ekki fleiri laxar gengið um fiskveginn frá því að núverandi teljari var settur upp árið 1993. Í samræmi við aukna laxgengd upp á efsta svæðið varð góð veiði í Laxá ofan teljara og enn fremur í vötnunum á árinu 1997, en samkvæmt talningum og veiði ofan teljara virðist algengast með núverandi nýtingarformi að um 30 % af þeim laxi sem gengur upp fyrir Eyrarfoss veiðist á stöng. Veiði í vötnunum, Selós og Þverá er þó afar háð vatnsmagni og í lélegum vatnsárum getur veiði brugðist í Selós og Þverá af þeim sökum eins og gerðist sumarið 1994 (Sigurður Már Einarsson 1995).

Laxá í Leirársveit er smálaxaa, eins og gildir um velflestar ár á Vesturlandi. Hlutdeild smálax í afla virðist vera að vaxa, en sú þróun hefur átt sér stað í íslenskum ám undanfarin ár (Sigurður Guðjónsson o.fl. 1995) og virðist helsta skýringin tengjast breytingum á sjávarumhverfi.

Niðurstöður sýna að seiðabúskapur á vatnasvæði Laxár fer nú batnandi, en samkvæmt haustmælingum á vísitölu seiðabúskapar undanfarin ár var gönguseiðaframleiðslan í lágmarki vorið 1996, en jókst nokkuð vorið 1997 og er von á frekari aukningu vorið 1998. Laxgengd hverju sinni er háð framleiðslu sjögönguseiða einu og tveimur árum fyrir og afföllum í sjó hverju sinni. Í Elliðaánum þar sem afföll merktra náttúrulegra sjögönguseiða hafa verið könnuð um árabíl hefur verið sýnt fram á að afföllin eru mjög breytileg (Þórólfur Antonsson 1998) eða frá 5,4 – 20,8 %. Svo breytilegar heimtur hafa mjög mikil áhrif á laxgengdina hverju sinni og geta þýtt að slakur

seiðaárgangur getur skilað ágætri laxgengd ef afföll eru lág, en á sama hátt getur laxgengd brugðist þótt seiðaframleiðslan hafi verið góð, séu afföll mikil í sjónum. Á árinu 1998 eru líkur á að laxgengd geti aukist í vatnakerfið, vegna aukningar á gönguseiðaframleiðslu, auk þess sem líkur benda til að sjávarumhverfi hafi batnað frá fyrra ári.

Gerð var stutt athugun á seiðabúskap í nokkrum þverám Laxár. Í Skarðsá kom fram að laxaseiði og urriðaseiði nýta ána til framleiðslu upp að brú, en þar fyrir ofan finnst einungis urriði. Þessar niðurstöður eru nánast þær sömu og fram komu í seiðakönnun árið 1978 (Teitur Arnlaugsson 1978). Í þeirri athugun var talið líklegast að skýringin á þessu væri skortur á hrygningarskilyrðum í Skarðsá ofan þjóðveggar, en auk þess eru flúðir í ánni við brúna sem hugsanlega eru torfærar seiðum. Líklegast er því að lax hrygni alla jafna neðst í ánni en seiði leiti þaðan fram ána. Skarðsáin hefur að mörgu leyti góð uppeldisskilyrði ofan brúar og væri unnt að nýta það svæði með sleppingum á sumaröldum laxaseiðum. Í Súluá leiddi athugunin í ljós að fiskframleiðsla er lítil í ánni. Áin er stutt, köld og brött dragá, þar sem botnefni eru á mikilli hreyfingu og áin hefur því slök skilyrði sem búsvæði til seiðaframleiðslu. Litlir lækir bæði bæjarlækurinn við Eyri og lækur frá afrennsli eldistjarna við bæinn Hlíðarfót eru hins vegar mun frjósamari og lax nýtir þá nokkuð til framleiðslu, en urriði og bleikja eru í meiri hluta. Flatarmál uppeldissvæða í slíkum lækjum er hins vegar í réttu hlutfalli við vatnsmagn og hlutdeild þeirra í heildarseiðaframleiðslu vatnasvæðisins því mjög lítil.

5. Heimildaskrá

Guðni Guðbergsson 1998. Lax – og silungsveiðin 1997. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-R/98004. 22 bls.

Scarnecchia, D.L. 1984. Climatic and oceanic variations affecting yield of Icelandic stocks of Atlantic salmon. *cAn.J. Fish Aquat. Sci*, 41:917-935

Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson, Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1995. Relation of grilse to salmon ratio to environmental changes in several wild stocks of Atlantic salmon (*Salmo salar*) in Iceland. *Can. J. Fish. Aquat. Sci* 52: 1385-1398.

Sigurður Már Einarsson 1993. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1986-1992. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/93007X. 17 bls.

Sigurður Már Einarsson 1994. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1993. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/94007X. 15 bls.

Sigurður Már Einarsson 1995. Fiskirannsóknir 1994. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/96003X. 8 bls.

Sigurður Már Einarsson 1996. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1995. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/96003X. 16 bls.

Sigurður Már Einarsson 1997. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1996. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/97004X. 21. bls.

Teitur Arnalugsson 1978. Seiðakönnun í Skarðsá í Leirársveit. Veiðimálastofnun Reykjavík. Skýrsla. 6 bls.

Þórólfur Antonsson 1998. Bretileiki í framleiðslu laxaseiða í tveimur íslenskum ám og endurheimtur þeirra úr hafí. Ritgerð til M.þS. náms við Háskóla Íslands, 147 bls.

Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1996. Environmental continuity in fluctuation of fish stocks in the North Atlantic ocean, with particular refernece to Atlantic salmon. North American Journal of Fisheries Management 16: 540-547.

Tafla 1: Meðalvatnshiti (°C) hvers mánaðar, ásamt hæsta og lágsta hitagildi hvers mánaðar frá júní til september 1994 – 1997. Mælingarnar eru framkvæmdar við Eyrarfoss.

Ár	Júní			Júlí			Ágúst			September		
	Mt	Max	Min	Mt	Max	Min	Mt	Max	Min	Mt	Max	Min
1994	7,99	12,2	4,0	11,49	16,3	8,1	11,30	15,6	7,2	7,02	11,2	3,1
1995	8,34	12,7	6,0	10,02	15,1	6,4	10,00	12,7	8,1	8,02	11,5	3,8
1996	9,39	14,5	4,1	11,41	15,9	8,3	10,24	15,5	5,7	9,37	11,1	6,5
1997	9,70	14,3	6,2	11,97	16,3	7,2	10,96	15,2	6,8	7,19	12,4	2,7

Tafla 2. Mælingar á sýrustigi (Ph) á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 19 – 28. ágúst 1997.

Vatnsfall	Mælistaður	Dagss.	Sýrustig	Hitastig
			Ph	°C
Draghalsá	300 m. f.n. Grafardal	19.08	8,1	13,4
Draghalsá	Fyrir neðan Draghals	19.08	8,1	12,4
Þverá	Fyrir ofan brú	27.08	8,3	
Kúvallará	F.n. veg	27.08	8,3	9,5
Landsá	F.ofan þjóðveg	27.08	8,1	9,5
Laxá	Neðan Eyrarvatns	28.08	8,2	
Bæjarlækur	F.neðan þjóðveg	19.08	7,8	11,9
Súluá	F. neðan þjóðveg	19.08	8,1	
Skarðsá	F. neðan þjóðveg	27.08	8,1	11,2

Tafla 3: Þéttleiki laxfiskaseiða á 100 m² á veiðistöðum í vatnakerfi Laxár í Leirársveit 19 – 28 ágúst 1997.

Veiðistaður	Svæði m ²	Lax					Alls	Urriði	Bleikja
		0+	1+	2+	3+				
Ófiskgeng svæði:									
Draghálsá (1)	429		1,2				1,2	0,0	0,0
Fiskgeng svæði:									
Draghálsá (2)	495	3,8	15,6	4,4	2,4		26,2	5,5	0,0
Kúvallará (1)	254	1,2	11,0	3,9	2,0		18,1	5,5	0,4
Þverá (1)	225	38,2	6,7	0,4			45,3	10,2	0,4
Landsá (1)	180		6,7	12,8	1,7		21,2	4,4	0,0
Landsá (2)	152	0,7	41,4	5,3			47,4	21,1	1,3
Eyrarvatn	100	5,0	3,0	1,0			9,0	0,0	0,0
Laxá (1)	225	71,6	35,5	3,6			109,3	6,7	0,0
Laxá (2)	352	0,6	10,8	13,9	1,4		26,7	0,0	0,0
Bæjarlækur (1)	64		3,1	1,6			4,7	21,9	0,0
Bæjarlækur (2)	260		3,1	1,5			4,6	16,9	0,0
Bæjarlækur (3)	160		6,9	1,3			8,2	11,3	0,0
Súluá (1)	330		0,3	0,3			0,6	0,0	0,0
Súluá (2)	90						0,0	0,0	1,1
Súluá (3)	150	1,3	4,0				5,3	2,0	2,0
Læk. v/Hlíðarf.	76			3,9	1,3		5,2	17,1	21,1
Skarðsá 1	100						0,0	4,0	0,0
Skarðsá 2	216						0,0	3,7	0,0
Skarðsá 3	200	1,5	0,5	0,5			2,5	8,5	0,0


Tafla 4: Meðallengd (cm) laxaseiða í Laxá í Leirársveit. skipt eftir aldri og veiðistöðum 19 – 27. september 1997.

Veiðistaðir	0+		1+		2+		3+	
	Ml	n	Ml	n	Ml	n	Ml	n
Ófiskgeng svæði								
Draghálsa (1)			10,4	5				
Fiskgeng svæði								
Draghálsa (2)	3,5	19	6,3	77	8,2	22	9,9	11
Þverá (1)	3,8	86	6,3	15	8,9	1		
Kúvallará (1)	3,1	3	6,6	28	9,1	9	10,7	5
Landsá (1)			7,4	12	10,3	23	12,5	3
Landsá (2)	4,5	1	6,6	63	9,9	8		
Eyrarvatn (1)	4,3	5	7,5	3	10,2	1		
Laxá (1)	4,9	159	8,9	79	13,4	8		
Laxá (2)	3,0	2	6,1	38	8,3	49	10,4	5
Bæjarlækur (1)			8,0	2	10,7	1		
Bæjarlækur (2)			6,9	8,0	10,1	4		
Bæjarlækur (3)			6,8	11	9,3	2		
Súluá (1)			6,7	1	7,7	1		
Súluá (3)	3,2	2	6,1	6	9,7	2		
Skarösa (3)	3,0	3	7,0	1	9,0	1		





Tafla 5. Talningar á laxi um fiskveginn í Eyrarfossi og veiði á laxi ofan teljara, árin 1993 – 1997.

Ár	Teljari	Veiði ofan teljara			% nýting	Ath
		Laxá	Vötnin	Alls		
1993	463	80	54	134	28,9	
1994	552	89	9	98	17,8	
1995	225*	77	57	134		Ófullk. gögn
1996	721	147	48	195	27,0	
1997	864	191	84	275	31,8	


1. Mynd: Kort af vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Veiðistaðir eru sýndir með númerum.



2. mynd. Þéttleiki laxaseiða í Draghálsa, Landsá, Laxá neðan Eyrarvatns og Laxá neðan Eyrarfoss árin 1986 – 1997.



3. mynd. Laxveiði í Laxá 1974 – 1997.



4. mynd. Hlutfall eins og tveggja ára laxa úr sjó af hverjum árgangi sjögönguseiða árin 1986 – 1995.

